

Nd.

631. Nefndarálit

[50. mál]

um frv. til laga um Skipaskoðun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur á nokkrum fundum athugað frv. þetta, sem komið er frá Ed. Efni þess hefur verið ýtarlega rætt við skipaskoðunarstjóra, Hjálmar Bárðarson, og dr. Þórð Eyjólfsson, fyrrv. hæstaréttardómara, en þeir hafa í sameiningu endurskoðað frv. til laga um sama efni, sem lagt var fram í Ed. á 88. löggjafarþingi, 1967—68. Það frv. hét þá „Frumvarp til laga um Siglingamálastofnun ríkisins“. Náði það ekki fram að ganga, en var vísað til ríkisstjórnarinnar vegna fram kominna athugasenda frá ýmsum aðilum, svo sem frá er greint í athugasemdum með frumvarpinu. Þar er einnig greint frá því, hvaða athugun hefur farið fram á frumvarpinu, unz það var lagt fram á ný snemma á þessu þingi undir sama nafni og áður.

Í meðförum háttv. Ed. hefur nafni frumvarpsins verið breytt í „Frumvarp til laga um Skipaskoðun ríkisins“.

Nefndin hefur einnig rætt efni frumvarpsins við fimm manna nefnd frá Verkfræðingafélagi Íslands, skipaða þessum mönnum: Gunnari Bjarnasyni, Agnari Norland, Jóni Hafsteinssyni, Jóni H. Sigurðssyni og Óttari Karlssyni.

Samhliða því að ræða efni þessa frumvarps við framangreinda aðila var rætt við þá um eftirtalin frumvörp, sem nú liggja einnig fyrir háttv. deild og tengd eru afgreiðslu þessa máls:

Frv. til 1. um eftirlit með skipum.

Frv. til 1. um skráningu skipa.

Frv. til 1. um skipamælingar.

Einnig hefur nefndin eftir föngum kynnt sér ýmis gögn, sem fyrir liggja varðandi málið.

Niðurstaðan af athugun nefndarinnar á frumvarpinu er sú, að hún mælir einróma með samþykkt þess með nokkrum breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Ein þeirra breytingartillagna er sú, að nafn stofnunarinnar verði Siglingamálastofnun ríkisins og forstöðumaður hennar verði nefndur siglingamálastjóri, eins og lagt var til í upphaflega frumvarpinu. Þessi breytingartillaga, ef samþykkt verður, hefur áhrif á frumvörpin um eftirlit með skipum, um skráningu skipa og um skipamælingar, og leggur nefndin til, að þeim verði einnig breytt að því er þetta varðar.

Nefndin fellst á það fyrir sitt leyti, að heitið Skipaskoðun ríkisins geti ekki lengur átt við um öll þau verkefni, sem stofnuninni hafa þegar verið falin og ætluin er að fela henni samkv. upptalningu í 2. gr. frv. Álitur hún orðið: „Siglingamálastofnun“ fara vel í islenzku máli og telur það nægilega víðtækt til þess, að ekki þurfi að breyta því í framtíðinni, þótt starfssvið stofnunarinnar kúppi þá enn á ný að verða aukið.

Nánar verður gerð grein fyrir brtt. nefndarinnar í framsögu.

Alþingi, 21. apríl 1970.

Birgir Finnsson,  
form., frsm.

Sverrir Júlíusson,  
fundaskr.

Björn Pálsson.

Jón Skaftason.

Jóhann S. Hliðar.

Pétur Sigurðsson.

Lúðvík Jósefsson.